



Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf.
Gulhelli 1
221 Hafnafjörður

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 25. maí 2021
Tilv.: UMH21040094/8.14

Ráðuneytið vísar til erindis yðar frá 19. apríl sl. þar sem sótt er um tímabundna undanþágu frá ákvæði um umfang starfsemi í gildandi starfsleyfi sem gefið var út 3. desember 2014 og gildir til 31. desember 2030 fyrir rekstur Malbikunarstöðvarinnar Hlaðbæ-Colas hf. Óseyrarbraut 16 í Hafnarfirði, á meðan unnið er að gerð nýs starfsleyfis. Fram kemur í framangreindu erindi að sótt hafi verið um nýtt starfsleyfi vegna stækkunar bikstöðvarinnar, þar sem verið sé að byggja nýjan 3700m³ tank sem bætist við fyrri starfsemi. Öllum umbeðnum gögnum hafi verið skilað inn vegna umsóknarinnar. Óskað sé eftir að fá að hefja notkun á nýja tanknum þó ekki hafi enn verið gefið út starfsleyfi fyrir þessi auknu umsvif í bikstöðinni. Ráðuneytið veitti fyrirtækinu undanþágu í fyrra sem sé runnin úr gildi. Starfsleyfistillaga hafi ekki verið sett í kynningu hjá Umhverfisstofnun. Ástæða umsóknar sé sú að eftir að Malbikunarstöðin Höfði hf. hafi þurft að loka sínum biktönkum sé Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf. eini aðilinn sem geti tekið á móti biki á höfuðborgarsvæðinu og því mögulegt að bikskortur verði á Íslandi í sumar sem hefði þá bein áhrif á mögulega vegagerð takist ekki að tryggja nægilegt magn af biki sem fyrst.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I–IV, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi. Ráðuneytið sendi erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar með afriti á Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Í umsögn Umhverfisstofnunar sem barst ráðuneytinu með bréfi dags. 28. apríl sl. kemur fram að þann 8. maí 2020 veitti umhverfis- og auðlindaráðuneytið tímabundna undanþágu (tilv.: UMH20030104) frá skilyrði 1.2 í starfsleyfi Malbikunarstöðvarinnar Hlaðbæ-Colas hf. að Óseyrarbraut 16 þar sem mælt sé fyrir um heimild til að taka á móti og geyma í stærsta geymi allt að 2200 m³ af biki (bitumen) eða þau önnur olíuefni sem séu ætluð til malbiks og olíumalarframleiðslu og að rekstraraðili geti líkað notað nýjan og stærri geymi við Óseyrarbraut 20 sem eigi að koma til viðbótar starfseminni við Óseyrarbraut 16. Undanþágan gildi til 1. janúar 2021. Umhverfisstofnun veitti umsögn um undanþáguna þann 17. apríl 2020 (UST202004-613) þar sem stofnunin taldi ekki vera neitt því til fyrirstöðu að veita undanþágu og að ríkar ástæður hafi mælt með því. Í umsögn Umhverfisstofnunar frá því í fyrra kom jafnframt fram að starfsemin að Óseyrarbraut 16 hafi verið á svæðinu um árabíl. Ekki sé fyrirhugað að breyta starfseminni með öðrum hætti en að bæta við geymslurýmnd fyrir birgðirnar sem geymdar séu á staðnum. Rekstraraðili hafi gilt starfsleyfi, skv. 7.

gr., sbr. II. viðauka laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 6. gr., sbr. IX. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá iðnaði og mengunarvarnir, til að taka á móti og geyma í stærsta geymi allt að 2200 m³ af biki (bitumen) eða öðrum olíuefnum sem ætluð séu til malbiks og olíumalarframleiðslu. Þar sem starfsemin sé í eðli sínu sú sama og verið hafi en aðeins í auknum mæli og með tilliti til að umsóknargögn hafi borist eins og krafist sé í ferli starfsleyfisumsókna, þ.m.t. deiliskipulag og skýrsla um grunnástand, taldi Umhverfisstofnun ekki vera neitt því til fyrirstöðu að veita umbeðna undanþágu og að ríkar ástæður mæltu með því. Umhverfisstofnun hafði enn fremur ekki athugasemdir við þær röksemdir fyrir beiðninni sem rekstraraðili tilgreini að öðru leyti í umsókn sinni. Í áður nefndri umsögn Umhverfisstofnunarinnar frá 28. apríl sl. kemur fram að samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skuli útgefandi starfsleyfis vinna tillögur að starfsleyfi og auglýsa opinberlega hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt sé að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfisins innan fjögurra vikna frá auglýsingu. Umhverfisstofnun hafi samþykkt í mars 2020 að starfsleyfisumsókn rekstraraðila væri fullnægjandi. Umhverfisstofnun sendi rekstraraðila drög að starfsleyfistillögu þann 10. nóvember 2020. Í ljós hafi hins vegar komið að rekstraraðili íhugaði frekari breytingar á starfsemi stöðvarinnar sem fólust í uppsetningu endurvinnslubúnaðar. Umhverfisstofnun hafi í framhaldi af því óskað eftir teikningum af umræddum búnaði áður en lengra yrði haldið til að geta metið hvernig starfsemi þetta væri, m.a. hvort búnaðurinn væri viðeigandi hluti af olíubirgðastöð og til að ákvarða hvort setja ætti skilyrði fyrir rekstri hans. Rekstraraðili hafi ekki sent inn teikningar og hafi að lokum, a.m.k. í bili, dregið til baka áform um uppsetningu endurvinnslubúnaðar í lok janúar 2021. Í framhaldi af ákvörðun sinni um að endurvinnslubúnaðurinn væri ekki inni í áformunum hafi rekstraraðili sent inn athugasemdir við drögin þann 12. febrúar 2021. Vegna anna hafi ekki unnist tími hjá Umhverfisstofnun til að yfirfara athugasemdirnar en það verði gert á næstunni og megi búast við að starfsleyfistillaga verði auglýst fyrir stöðina innan skamms. Framangreint sé rakið til skýringar á þeim ófyrirséða drætti sem orðið hafi á málinu. Umhverfisstofnun telji að skilyrði fyrir tímabundinni undanþágu séu uppfyllt. Umhverfisstofnun telji ekki neitt vera því til fyrirstöðu að veita umbeðna undanþágu og að ríkar ástæður mæli með því. Umhverfisstofnun hafi ekki frekari athugasemdir við þær röksemdir fyrir beiðninni sem rekstraraðili tilgreini í umsókn sinni.

Í ljósi framangreindrar umsagnar Umhverfisstofnunar, að fullnægjandi umsókn um starfsleyfi hefur borist stofnuninni, að ríkar ástæður mæli með undanþágu vegna yfirvofandi skorts á biki í sumar og í samræmi við ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir fellst ráðuneytið á að veita Malbikunarstöðinni Hlaðbæ-Colas hf. kt. 420187-1499 tímabundna undanþágu frá skilyrði 1.2 í starfsleyfi Malbikunarstöðvarinnar Hlaðbæ-Colas hf. að Óseyrarbraut 16 þar sem mælt er fyrir um heimild til að taka á móti og geyma í stærsta geymi allt að 2200 m³ af biki (bitumen) eða þau önnur olíuefni sem eru ætluð til malbiks og olíumalarframleiðslu og að rekstraraðili geti líkað notað nýjan og stærri geymi við Óseyrarbraut 20 sem á að koma til viðbótar starfseminni við Óseyrarbraut 16. Undanþágan er veitt að því tilskildu að fyrirtækið uppfylli að öðru leyti ákvæði eldra starfsleyfis sem Umhverfisstofnun gaf út 3. desember 2014 og lög og reglugerðir sem um starfsemina gilda, sérstaklega ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Undanþága þessi fyrir nýja geyminn gildir þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó eigi lengur en til 1. janúar 2022.

Umhverfisstofnun fer með mengunarvarnaeftirlit skv. XIV. kafla laga nr. 7/1998 með þeirri framkvæmd sem undanþágan nær til. Malbikunarstöðin Hlaðbæ-Colas hf. ber ábyrgð á kostnaði af eftirliti eftirlitsaðila. Ber Malbikunarstöðin Hlaðbæ-Colas hf. að fylgja fyrirmælum nefndarinnar um kröfur og starfshætti sem varða mengunarvarnir framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun getur beitt þvingunarúrræðum skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum undanþágu. Vakin er athygli á að Umhverfisstofnun gæti í eftirliti þurft að setja fram kröfur sem ekki koma fram í skilyrðum hér að framan, gefist tilefni til, enda hefur starfsleyfi ekki enn verið útgefið vegna aukins umfang starfseminnar.

Umhverfisstofnun skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur henni tengdar.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Trausti Ágúst Hermannsson

Afrit:
Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis